

Nd.

843. Nefndarálit

[111. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Þó að frv. þetta verði samþykkt, er ekki sýnileg nein breyting á stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsaðstöðu eða starfsháttum, nema að því leyti, að með l. gr. (111. gr.) er sérhverju sveitarfélagi skylt að eiga aðild að samtökunum, sem er að áliti minni hlutans vafasamt, enda kemur fram í umsögn hv. félagsmálaráðuneytis, að hugsanlegt sé, að þetta ákvæði stangist á við stjórnarskrá, 76. gr., um rétt sveitarfélaga til að ráða málefnum sínum.

Frumvarpið er allt laust í reipum, og með samþykkt þess óbreytts gæti verið mikill munur á ýmsum mikilvægum þáttum hjá hinum ýmsu landshlutasamtökun. M. a. má nefna eftirfarandi:

Heimilt er, en ekki skylt, að sýslufélög eigi aðild að samtökunum, og með því gæti sýslumaður Skaftfellinga verið fulltrúi í samtökum Austurlands og Suðurlands. Samræmi um þetta efni væri eðlilegra að dæmi minni hl. nefndarinnar og þá fremur á þann veg, að sýslufélögin kæmu þarna hvergi nærri.

Að mati minni hl. n. ættu alls staðar að vera jafnmargir í stjórn samtakanna, t. d. 7, en ekki 5—11 eins og gert er ráð fyrir.

Minni hl. finnst einnig, að til aðalfunda ætti að kjósa með sama hætti alls staðar og tekjur samtakanna séu ákveðnar alls staðar með sama hætti.

Nú stendur yfir á vegum félmrn. endurskoðun á nágildandi sveitarstjórnarlögum, þar sem einnig er sérstaklega fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Minni hluti nefndarinnar getur ekki séð, að neitt réttlæti það, að þessu losaralega og fljótfærnislega frumvarpi sé ýtt í gegnum þingið, að því er virðist að óþörfu.

Alþingi, 2. maí 1974.

Garðar Sigurðsson.